


## SKÝRINGAR

**Gluggakarmar:**
Miðað er við álgluggakerfi með slitinni kuldabrú. Karmar skulu vera 50mm breiðir en geta verið mismunandi háir eftir álagskröfum. Stærðir karma í hurðum G12 og G13 skulu miðaðar við að uppfylla kröfur í brunavarnalýsingu um flóttaleiðir. Litur verður ákveðinn í samhengi við litaval á veggklæðningu, en gengið er út frá milligráum lit (t.d. RAL 7037).
Þar sem því er lýst á teikningum skulu milli glugga vera spjöld úr 2mm áli og 25-30mm plasteinangrun, samlit gluggakörmum.

**Gler:**
Gler skal uppfylla ákvæði reglugerðar um val á gleri fyrir opinberar byggingar (hert og/eða samlímt).
Leyfilegt hámark U-gildis glugga: 2,0 W/m2k.
Sólvörn: Gluggi G5 skal hafa aukna sólvörn.

**Festingar og burður:**
Allir gluggar og hurðir verða settir í eftir uppsteypu. Bjóðandi skal afhenda glugga með viðeigandi festingum við burðarvirki. Festingar glugga skulu ekki vera sýnilegar að innanverðu.
Innan við glugga G1 og G2 er gert ráð fyrir láréttum burðarbita til að taka við álagi af gluggapóstum (sjá sérhluta Y4b á teikningu A-301).

**Slagregnsprófun glugga:**
Glerjaðir gluggar skulu slagregnsprófaðir samkvæmt ÍST EN 1027. Gluggi skal standast prófunarálag sem er að lágmarki 1100 Pa.

**Hönnunarforsendur glugga:**
Glugga og gluggafestingar skal hanna skv. gildandi Evrópustöðlum, íslenskum þjóðarskjölum og byggingarreglugerð 112/2012. Meðhöndlun álags (álagsfléttur) skal vera í samræmi við ÍST EN 1990.

**Vindálag:**
Vindálag skal ákvarða skv. ÍST EN 1991-1-4 og íslenskum þjóðarskjölum.
*Grunngildi vindhraða er Vb0=36 m/sek* (10 mín meðalvindhraði)
Árstíðarstuðull (Cseason) = 1,0
Stefnustuðull (Cdir) = 1,0
Hrýfiflokkur II
Fyrir viðmiðunarhæð 8,2m fæst grunngildi vindþrýstings (e. peak velocity pressure) qp = 1,8 kN/m²
Velja skal formstuðla fyrir ytri og innri vindþrýsting skv. kafla 7 í ÍST EN 1991-1-4.

**Svignunarkröfur:**
Kröfur til hámarks svignunar glugga eru skv. byggingarreglugerð grein 8.2.4 fyrir byggingu í flokki A.

**Úr brunavarnalýsingu:**
Hurðir í flóttaleiðum séu a.m.k. 90 cm breiðar (m.v. *breidd hurðarblaðs*).
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra.
Dyr á aðalsal opnist út og hafi paníkslár skv. ÍST EN 1125.
Dyr á æfingasölum opnist út og hafi neyðarhún skv. ÍST EN 179.

C:

B:

A:

BREYTINGAR: DAGS:

LYKILMYND:

**Heilsuræktarstöð** Austurbergi 3

VERKTEIKNINGAR
GLUGGAYFIRLIT 2 AF 2

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERK: | WCTJ-1706 | | |
| KVARÐI: | 1:20 | TEIKNAÐ: | AL |
| DAGS: | 05.02.2018 | SKRÁ: | grunnur-1.dwg |

ÚTI INNI
A R K I T E K T A R
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 — 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5627660 — FAX 5527661
NETFANG ui@ui.is
VEFFANG http://www.ui.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON — ARKITEKTAR FAÍ
120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON — ARKITEKTAR FAÍ
021256-7579

TEIKNINGANR: **A-401** BREYTING: